

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1713  
komudagur 8.4.27/2



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

HS/AA

Reykjavík 8.04.2002

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605. mál.**

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 605. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði reglur rammatilskipunar ESB um öryggi og heilsu starfsmanna um mat á áhættu í störfum. Einnig er lagt til að efnisreglur vinnutímatilskipunar ESB verði teknar upp í lögina og að eftirlit með þeim sæti þar með reglum þeirra. Vinnutímareglurnar hafa áður verið innleiddar í íslenskan rétt með samningum aðila vinnumarkaðarins, sbr. auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda, nr. 285/1997.

Samtök atvinnulífsins leggja á það megináherslu að lagabreytingin valdi ekki kostnaði fyrir fyrirtækin um fram það sem leiðir beint af EES-reglunum. Jafnframt verði það svigrúm sem reglurnar gefa til aðlögunar að þörfum og hefðum íslensks vinnumarkaðar nýtt, þannig að sveigjanleiki íslensks vinnumarkaðar sé ekki skertur umfram það sem nauðsyn ber til. Aðilum vinnumarkaðarins þarf einnig að gefast svigrúm innan ramma laganna til hugsanlegrar aðlögunar og breytinga á samningum sínum eftir því sem aðstæður kunna að gefa tilefni til.

Athugasemdir varðandi einstakar greinar:

Samkvæmt 3. gr. skal atvinnurekandi bera ábyrgð á því að gert sé skriflegt mat um áhættu í störfum og í framhaldi af því áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna á vinnustað í samræmi við kröfur EES-réttarins. Atvinnurekandi getur annast þetta sjálfur hafi hann færni til þess en skal að öðrum kosti leita til þjónustuaðila sem hlotið hefur viðurkenningu Vinnueftirlits. Það hefur síðan eftirlit með framkvæmdinni. Ekki verður annað séð en með því sé öryggi starfsmanna og heilsuvernd nægjanlega tryggð.

SA bendir hins vegar á að áhættumatið þurfi að vera hægt að gera á sem einfaldastan hátt, a.m.k. þegar um er að ræða störf sem almennt eru hættulaus eða áhættulítill.

Þá telur SA mikilvægt að fyrirtæki geti, eins og frumvarpið heimilar, átt val um það hvort heilsuvernd starfsmanna fer fram á heilsugæslustöð, hjá öðrum þjónustuaðila eða er veitt innan fyrirtækis.

a. liður 9.gr. (52. gr.)

Áhersla er lögð á að ekki verði hróflað við skilgreiningu hugtaka um vinnu- og hvíldartíma í 1. og 2. tl. þessarar greinar. Tillagan er í fullu samræmi við þá skilgreiningu sem lögð er til grundvallar í vinnutímasamningum aðila vinnumarkaðarins, sbr. vinnutímatilskipun ESB. Breytingar á þessum hugtökum geta því haft ófyrirséðar afleiðingar.

b. liður 9. gr. (52. gr. a.)

Samkvæmt frumvarpinu eru þeir sem starfa við flutninga á vegum og falla undir reglugerð dómsmálaráðuneytisins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o. fl. undanþegnir ákvæðum hvíldartímakafla laganna. SA telur, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, að miða eigi alfarið við reglur um aksturs- og hvíldartíma. Óeðlilegt sé að um vinnutíma starfsmanna gildi tvö reglukerfi sem sæta eftirliti mismunandi aðila enda fellur þessi hópur ekki undir reglur vinnutímatilskipunarinnar og er því undanþeginn vinnutímasamningum aðila vinnumarkaðarins. Jafnframt skal tekið fram að það myndi valda verulegum vandkvæðum ef beita ætti reglum hvíldartímakaflans að fullu um þá sem starfa við flutninga á vegum og fella þá þar með undir reglur frumvarpsins um hámarksvinnutíma.

e liður 9. gr. (54. gr.)

Eins og frumvarpið gerir ráð fyrir er nauðsynlegt að heimildir til frestunar vikulegs frídags taki einnig til ófyrirséðra atvika. Tilskipunin heimilar slíka frestun t.d. þegar þröf er á að halda uppi samfelldri þjónustu eða framleiðslu.

17. gr. (87. gr.)

Í greininni er lagt til að Vinnueftirlitinu verði veitt almenn heimild til álagningar dagsekta ef ákvæði vinnuverndarlaga eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið að fyrirmælum Vinnueftirlitsins á grundvelli þeirra. Dagsektir reiknast strax frá fyrsta degi. Heimild þessi er að mati SA of rúm og óskilgreind. Er því lagt til að fellt verði inn í ákvæði 1. mgr. að hæfilegur frestur hafi áður verið veittur til úrbóta samsvarandi og gildir samkvæmt 84. gr. laganna varðandi stöðvunarheimildir Vinnueftirlitsins. Dagsektir reiknist ekki fyrir en sá frestur er liðinn. Lágmarkssekt verði lækkuð í kr. 5.000 með tilliti til smáfyrtækja með fáa eða enga starfsmenn í vinnu.

Ef ákvörðun er skotið til stjórnar Vinnueftirlitsins falli dagsektir ekki á fyrir en niðurstaða hennar liggur fyrir. Samsvarandi reglur, að þessu leyti, gilda, svo dæmi sé tekið, um dagsektaákvæðanir Samkeppnisráðs en bera má þær undir úrskurð dómstóla.

Fh. Samtaka atvinnulífsins,

---

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur